Stafrænar lausnir Íslandsbanka

# FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING

292. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

ÞRIÐJUDAGUR 11. DESEMBER 2018






# Nú getur þú borgað með Android snjallsímum í posum um allan heim

## 1. Sækja

Sæktu kortaapp Íslandsbanka.

## 2. Virkja

Veldu kreditkortið sem þú vilt virkja. Appið leiðir þig áfram í nokkrum einföldum skrefum.

## 3. Borga

Aflæstu símanum og berðu hann upp að posa til að borga.

Það er bæði einfalt og öruggt að borga með símanum. Þú notar persónulegan auðkennisþátt, t.d. fingrafar, andlitsskanna eða leyninúmer, til að aflæsa símanum þínum og borga í posa. Snertilausar greiðslur eru þróaðar samkvæmt ströngustu öryggiskröfum Mastercard.

**Kynntu þér snertilausar greiðslur á islandsbanki.is/snertilaust**

**Taktu mynd af kóðanum til að sækja kortaapp Íslandsbanka**

# FRÉTTABLAÐIÐ

292. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 11. DESEMBER 2018




Það verður seint sagt að jólaandinn hafi svifið yfir vötnum í Reykjavík þegar beljandi rok og slagveður dundi á höfuðborgarsvæðinu og víðar í gær. Spáð er hvassri og hlýrri suðlægri átt í dag og að hiti nái 10 stigum fyrir norðan. Því hefur Veðurstofa Íslands varað við miklum leysingum og hvatt til þess að hreinsað verði frá niðurföllum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Myndir sagðar sýna dauðastríð hvala

**Náttúruverndarsamtök Íslands telja dýravelferðarlög brotin við hvalveiðar. Ljósmyndir teknar í Hvalfirði í sumar eru sagðar sýna að tvö eða fleiri skot hafi þurft til að deyða dýrin og að skotsár hafi verið víða á skrokkum þeirra.**

**DÝRAVELFERÐ** Ljósmyndir dýraverndarsamtaka af veiddum langreyðum sem komið var með í hvalstöð Hvals hf. í sumar sýna að sum dýrin þurfti að skjóta oftar en einu sinni til að taka þau af lífi. Náttúruverndarsamtök Íslands telja veiðar fyrirtækisins ekki í samræmi við lög um dýravelferð og telja mikilvægt að Matvælastofnun hlutist til um rannsókn á veiðunum.

Það er mat Náttúruverndarsamtakanna að myndirnar sanni að fleiri en eitt skot hafi þurft til að drepa fjölda dýra. Skyttur eigi að miða á brjóstsvæði hvalanna til að auka líkur á að dýrin drepist fljótt og örugglega en samkvæmt myndum af hvalskrokkum sést að skutlar eru á hinum ýmsu stöðum í dýrunum, jafnvel í kjafti þeirra.

Af þessu megi ráða „að í mörgum tilfellum er um langvarandi dauðastríð að ræða“, segir í bréfi samtakanna til Matvælastofnunar sem telur eftirlit stofnunarinnar ekki upp á marga fiska. „Eftirlitið er frekar slakt í þessum efnum. Matvælastofnun á

> **Í mörgum tilfellum er um langvarandi dauðastríð að ræða.**
>
> Úr bréfi Náttúruverndarsamtaka Íslands til Matvælastofnunar

að sjá um eftirlitið með þessu,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands.

Í dýravelferðarlögum er kveðið skýrt á um að dýr skuli aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og forðast skuli að valda dýrum óþarfa þjáningum eða hræðslu. Einnig er óheimilt að aflífa dýr með því að drekkja þeim. Telja Náttúruverndarsamtök öll þessi atriði eiga við um veiðar Hvals hf. á langreyði í sumar.

Ekki náðist í Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra við vinnslu fréttarinnar. Hann hefur áformað skoðun á framtíð hvalveiða hér við land en ekki er vitað hvenær þeirri skoðun verður lokið.

**– sa /** **sjá síðu 4**

## Ellert elstur til að setjast á þing

**ALÞINGI** Ellert B. Schram varð í gær elstur Íslendinga til að taka sæti á Alþingi en hann situr nú sem varaþingmaður Samfylkingarinnar. Þingmaðurinn segir að málefni eldri borgara verði ofarlega á baugi hjá sér meðan hann situr á þingi.

„Því var flett upp í dag að það hefði enginn verið 79 ára gamall í sögu þingsins,“ segir Ellert. „Vonandi get ég messað yfir þinginu og farið fram á það að fólk skilji betur að of margir einstaklingar eru í fátækt.“



**– jóe /** **sjá síðu 2**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Hjálpum heimilislausum, skrifar framkvæmdastjóri Samhjálpar. 11

**SPORT** Heimir Hallgrímsson klæðir sig aftur í þjálfaragallann eftir að hafa ekki starfað sem þjálfari frá því í júlí. 10

**TÍMAMÓT** Tíðarandinn nær jafnvel í gegn í kirkjugörðunum. 12

**LÍFIÐ** Fréttablaðið tók saman nokkra góða hluti og búðir sem ættu að íhuga endurkomu á Laugaveginn – líkt og fatamerkið Don Cano. 20




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● BÓKAJÓL**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Hvöss sunnan- og suðaustanátt í dag með rigningu og súld, en þurrt að kalla á Norður- og Austurlandi. Hlýnandi veður, hiti 7 til 15 stig, hlýjast í hnjúkaþey norðanlands.
SJÁ SÍÐU 14

## Ljósin lýsa upp bæinn



Hátíð ljóss og friðar ber senn að dyrum og hafa margir tekið sig til og skreytt hús sín af því tilefni. Í þeim hópi eru íbúar Dragavegar 5 hér í borg og verður ekki annað sagt en að skrautið lýsi upp skammdegið. Minnir það helst á hús hins seinheppna Clarks Griswold en saga hans er sögð í jólaklassíkinni Christmas Vacation. Rafmagnsreikningurinn hér og nú er þó efalaust öllu lægri enda perurnar nú talsvert sparneytnari en þá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Allt í upplausn í Bretlandi

**BRETLAND** Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, mætti fyrir breska þingið í gær og sagðist hafa aflýst atkvæðagreiðslu sem fram átti að fara í dag um samninginn sem náðst hefur við ESB um Brexit.

„Það er í raun allt í upplausn í breskum stjórnmálum þegar kemur að Brexit. Það er engin augljós leið fram undan,“ segir Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, um málið. Hann segir blasa við að May komi samningnum ekki í gegnum þingið og því sé atkvæðagreiðslan dregin til baka.



**Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði.**

May sagðist meðvituð um að þingmenn hefðu einna helst áhyggjur af „backstop“-ákvæðinu, varúðarráðstöfun ef Bretum og ESB tekst ekki að komast að niðurstöðu um hvernig skuli hátta tollamálum svo ekki verði þörf á sýnilegum landamærum milli Norður-Írlands og Írlands. Óánægja er með þessa ráðstöfun enda felur hún í sér að Norður-Írar, einir Breta, þyrftu áfram að lúta meginþorra reglna tollabandalagsins. Á næstunni myndi hún leitast við að uppræta þessar áhyggjur.

John Bercow, forseti þingsins og samflokksmaður May, gagnrýndi ríkisstjórnina harðlega og sagði það ókurteisi að kippa málinu einhliða af dagskrá þegar 164 þingmenn hafa tekið þátt í umræðum.

Leiðtogar Skoska þjóðarflokksins skoruðu á Jeremy Corbyn, leiðtoga Verkamannaflokksins, í gær að leggja fram vantrauststillögu. Ljóst er að staða May er nokkuð veik. Eiríkur segir þó ekki hægt að útiloka að May standi storminn af sér enda hefur hún staðið af sér ótrúlegustu mál í valdatíð sinni. Að sama skapi, segir hann, gæti hún fallið hvenær sem er. **– þea**

## Dæmdur til að sæta meðferð

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir tveimur vikum dæmdur til að sæta viðeigandi meðferð á geðdeild. Hann var fundinn sekur um tvær líkamsárásir en ekki gerð refsing vegna þeirra sökum sjúkdóms síns.

Fyrri árásin átti sér stað árið 2015 en þá sló hann mann margsinnis með keðju svo af hlaust rifbrot, mar á öxl og áverkar á búk. Í þeirri síðari árið 2017 sló hann reiðhjólamann ítrekað í höfuðið með áhaldi en ekki er tekið fram hvers kyns það var.

Sannað þótti að maðurinn hefði gerst sekur um árásirnar. Hins vegar var það mat geðlækna að refsing myndi lítt stoða. Meðferð hefði bætt ástand ákærða mikið og mikilvægt væri að halda henni áfram. Var hann því dæmdur til að sæta eftirliti og meðferð geðlækna og fylgja fyrirmælum um lyfjameðferð. **– jóe**

EFLING
STÉTTARFÉLAG

FRAMBOÐSFRESTUR TIL TRÚNAÐARRÁÐS
EFLINGAR-STÉTTARFÉLAGS

**Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags auglýsir framboðsfrest vegna kosningar trúnaðarráðs félagsins fyrir tímabilið 1. janúar 2019 til 31. desember 2020. Kosið er listakosningu.**

**Á hverjum frambornum lista skulu vera tillögur um 115 trúnaðarráðsmenn til tveggja ára samkvæmt 15. gr. laga félagsins.**

**Listi uppstillingarnefndar, stjórnar og trúnaðarráðs liggur frammi á skrifstofu félagsins frá og með miðvikudeginum 12. desember 2018. Öðrum listum ber að skila á skrifstofu félagsins fyrir kl. 12.00 á hádegi miðvikudaginn 19. desember 2018.**

*Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags*

# Elstur til að taka sæti á þingi í Íslandssögunni

Ellert B. Schram varð í gær elstur Íslendinga til að setjast á þing. Þegar hann tók fyrst sæti fyrir tæplega fimmtíu árum var hann yngsti þingmaðurinn sem náði kjöri. Ellert vonast til að geta komið málefnum eldri borgara að inni á Alþingi.

**ALÞINGI** Ellert B. Schram varð í gær elstur Íslendinga til að taka sæti á Alþingi en hann situr nú sem varaþingmaður Samfylkingarinnar. Ellert var fyrst kjörinn á þing árið 1971 en þá fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Þingmaðurinn segir að málefni eldri borgara verði ofarlega á baugi hjá sér meðan hann situr á þingi.

Þingseta Ellerts nú er komin til vegna þess að Ágúst Ólafur Ágústsson hefur tekið sér tveggja mánaða leyfi frá þingstörfum eftir að hafa verið áminntur af siðanefnd Samfylkingarinnar fyrir ósæmilega framkomu við konu. Fyrsti og annar varamaður Samfylkingarinnar í kjördæminu, þau Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Háskólanum í Reykjavík, og rithöfundurinn Einar Kárason, gátu ekki tekið sæti nú. Því tók Ellert sætið.

„Því var flett upp í dag að það hefði enginn verið 79 ára gamall í sögu þingsins. Hvorki fyrr né síðar. Ég er nú nokkuð hreykinn af því að vera sá elsti,“ segir Ellert. Elsti þingmaður í sögunni var Sighvatur Árnason, bóndi í Eyvindarholti, en hann var tæplega 79 ára gamall þegar þingsetu hans lauk árið 1902.

Sem fyrr segir var Ellert kjörinn fyrst á þing 1971, þá rétt rúmlega þrítugur, en þá var hann yngstur þingmanna. Hann sat á þingi til 1978 en missti þá sæti sitt. Hann var kjörinn á ný 1983 og sat til 1987. Árið 2007 var hann kjörinn á þing á ný, þá fyrir Samfylkinguna, og sat til ársins 2009. Í millitíðinni tók hann sæti sem varamaður á árunum 2006 og 2007.



Ellert sló á létta strengi með Viðreisnarmanninum Þorsteini Víglundssyni yfir veiðigjaldaumræðunni í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Vonandi get ég messað yfir þinginu og farið fram á það að fólk skilji betur að of margir einstaklingar eru í fátækt.**
>
> Ellert B. Schram, varaþingmaður Samfylkingarinnar

„Ég hef nú kannski ekki setið nógu lengi þetta skiptið til að bera saman þingið þá og nú. Upp til hópa eru þingmenn gott fólk sem vill vel og reynir að standa sig. Þannig að andrúmsloftið er sams konar. Helsti munurinn er kannski sá að við höfðum ekki vínbari í nágrenni þingsins á þeim tíma,“ segir Ellert.

Gert er ráð fyrir því að þingið fari í jólafrí næsta föstudag en fjárlög voru afgreidd fyrir helgi. Ellert, sem er formaður Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, gerir ráð fyrir að þegar hann taki til máls muni málefni aldraðra verða í fyrirrúmi.

„Það þarf að gagnrýna það að greiðslur frá almannatryggingum til eldri borgara hafa lítið hækkað. Vonandi get ég messað yfir þinginu og farið fram á það að fólk skilji betur að of margir einstaklingar eru í fátækt. Það þarf að koma til móts við þetta fólk og rétta því hjálparhönd,“ segir Ellert. **joli@frettabladid.is**




## Fjórhjóladrifinn Suzuki S-Cross

- meiri veghæð, nýjar öflugar- og sparneytnar vélar gera frábæran bíl enn skemmtilegri og til í hvað sem er. Suzuki S-Cross er með ríkulegan staðalbúnað.

Suzuki er áreiðanlegasti bíllinn samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar breska bílaritsins „What Car?“.

ALLGRIP PRO

4WD All-grip skapar aksturseiginleika í sérflokki.

*Það er alltaf Suzuki veður!*

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Hælisleitandinn er á vitnalista ákæruvaldsins

**DÓMSMÁL** Ungi hælisleitandinn sem varð fyrir alvarlegri líkamsárás á Litla-Hrauni fyrr á árinu kemur til landsins til að gefa skýrslu við aðalmeðferð málsins. Honum var vísað úr landi skömmu eftir árásina án vitundar verjanda hans og lögreglumannanna sem fóru með rannsókn málsins.

Maðurinn er á vitnalista ákæruvaldsins, eins og venjan er um brotaþola, og á héraðssaksóknari nú samráð við önnur stjórnvöld, þar á meðal ríkislögreglustjóra, dómsmálaráðuneytið og fulltrúa Íslands hjá Europol, um mögulegan flutning vitnisins til landsins. Aðalmeðferð í málinu átti að hefjast í Héraðsdómi Suðurlands í gær en var frestað meðal annars vegna þess að annar tveggja ákærðu, Baldur Kolbeinsson, mætti ekki til aðalmeðferðar. Hann lauk afplánun sinni fyrir nokkru og er frjáls ferða sinna.


Ráðist var á manninn í íþróttasalnum á Litla-Hrauni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ákæra gegn Baldri og Trausta Rafni Henrikssyni tekur til alvarlegustu gerðar líkamsárásar í almennum hegningarlögum; 2. mgr. 218. gr.

Meðal gagna í málinu er upptaka af árásinni úr öryggismyndavél en ráðist var að manninum í íþróttasal fangelsisins. Árásin er sögð hafa verið sérlega hrottafengin. Baldur hefur ekki tekið afstöðu til ákærunnar en Trausti neitar sök.

Baldur var var árið 2014 dæmdur fyrir tvær líkamsárásir á útivistarsvæðinu á Litla-Hrauni, annars vegar fyrir að hafa veist að samfanga sínum, makað saur í andlit hans og munn og slegið hann svo bæði í höfuð og líkama og hins vegar fyrir að hafa sparkað ítrekað og slegið samfanga sinn í höfuð og líkama með hengilás og hnúajárni. **– aá**

## Færri börn dvelja í Kvennaathvarfinu

**SAMFÉLAG** Um það bil helmingi færri börn komu til dvalar í Kvennaathvarfinu á árinu sem er að líða en í fyrra. Samkvæmt upplýsingum frá Kvennaathvarfinu hafa 57 börn komið til dvalar þar það sem af er ári en þau voru 126 í fyrra.


**Sigþrúður Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri Samtaka um kvennaathvarf.**

Fjöldi kvenna sem koma til dvalar í athvarfinu er hins vegar svipaður milli ára. Þær voru 149 í fyrra en eru 123 það sem af er þessu ári. Auk þeirra kvenna sem komið hafa til dvalar í Kvennaathvarfinu hafa 216 konur komið í samtals 448 viðtöl á árinu. **– aá**

### LEIÐRÉTTING

*Í frétt á forsíðu Fréttablaðsins í gær var að finna innsláttarvillu þess efnis að borgin greiddi Landsneti 1,73-18,6 krónur fyrir hverja kílóvatnsstund vegna orkuflutninga. Hið rétta er að borgin greiðir 1,73-1,86 krónur vegna þessa.*

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Telja langreyðarveiðar Hvals ekki standast dýravelferðarlög

**Náttúruverndarsamtök Íslands telja sannanir fyrir því að veiðar Hvals hf. á langreyði árið 2018 uppfylli ekki lög um dýravelferð. Fjöldi dýra hafi ekki drepist við fyrsta skot og hafi því dauðastríðið verið óþarflega langt.**

**VEIÐAR** Náttúruverndarsamtök Íslands hafa tilkynnt Matvælastofnun um að Hvalur hf. hafi brotið dýraverndarlög við hvalveiðar. Fara samtökin fram á að stofnunin rannsaki meint brot fyrirtækisins frekar.

Náttúruverndarsamtökin telja veiðar Hvals vera ómannúðlegar og skýr brot á dýravelferðarlögum. Ljóst sé að þeirra mati að mörg dýr hafi ekki drepist samstundis við skot og hafi þurft að kveljast óþarflega lengi fyrir síðasta andardráttinn.

Samtökin fengu fjölda ljósmynda sem safnað var af Bretlandsdeild samtakanna Sea Shepherd en þau tóku myndir frá svæði rétt utan hvalstöðvarinnar í Hvalfirði. Samtökin telja myndirnar sanna að fleiri en eitt skot hafi þurft til að drepa fjölda dýra. Skyttur fá jafnan fyrirmæli um að miða á brjóstsvæði hvala til að auka líkur á að dýrin drepist samstundis.

Myndirnar sem Sea Shepherd tók sýni jafnframt að skotsár eru á ýmsum stöðum á dýrunum. Af þessi megi ráða „að í mörgum tilfellum er um langvarandi dauðastríð að ræða“, segir í bréfi Náttúruverndarsamtakanna til Matvælastofnunar.








**Myndirnar voru teknar í Hvalfirði í sumar og eru sagðar sýna fram á að dýr hafi verið skotin tvisvar og jafnvel oftar.** FRÉTTABLAÐIÐ/SEA SHEPHERD

Fréttablaðið greindi frá því í sumar að vinnsla á hvalafurðum hefði ekki verið í samræmi við reglugerð frá árinu 2010 þess efnis að hval skuli skera innandyra. Síðar hefði Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra breytt reglugerðinni þess efnis að hún var rýmkuð fyrir fyrirtækið og því aftur leyft að skera matvæli undir berum himni.

„Eftirlitið er frekar slakt í þessum efnum. Matvælastofnun á að sjá um eftirlitið með þessu,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands. „Svo kemur í ljós að veiðarnar og vinnsla afurðanna var ekki í samræmi við reglugerð, þá er bara gerð undanþága.“

Í dýravelferðarlögum er kveðið skýrt á um að dýr skuli aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og forðast skuli að valda dýrum óþarfa þjáningum eða hræðslu. Einnig er óheimilt að aflífa dýr með því að drekkja þeim.

Telja Náttúruverndarsamtök öll þessi atriði eiga við um veiðar Hvals hf. á langreyði í sumar.

„Þegar litið er til allra þeirra sönnunargagna sem safnast hafa saman um hvalveiðar Hvals hf. er ljóst að starfsemi fyrirtækisins er frumstæð og uppfyllir ekki skilyrði hinna framangreindu ákvæða. Þar að auki er verkun Hvals hf. á hvalkjöti framkvæmd á óskynsamlegan, bannaðan og óheilnæman máta,“ segir í bréfinu til Matvælastofnunar.

„Á það hefur verið bent að það sé partur af fullveldi þjóðarinnar að veiða hval,“ segir Árni. „Við hljótum þá að hafa fullveldi til að hætta þeim.“ **sveinn@frettabladid.is**

jeep.is



**RENEGADE**
2.0 DÍSEL, 170 HÖ.
9 GÍRA SJÁLFSKIPTING,
4 DRIFSTILLINGAR,
HÁTT OG LÁGT DRIF.

**COMPASS**
2.0 DÍSEL, 140/170 HÖ.
2.0 BENSÍN, 170 HÖ.
9 GÍRA SJÁLFSKIPTING,
4 DRIFSTILLINGAR.

**CHEROKEE**
2.2 DÍSEL, 185 HÖ.
9 GÍRA SJÁLFSKIPTING,
4 DRIFSTILLINGAR.

**GRAND CHEROKEE**
3.0 DÍSEL, 250 HÖ,
8 GÍRA SJÁLFSKIPTING,
HÁTT OG LÁGT DRIF.

**JEEP® 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPAR - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.**
**ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU**

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep
THERE'S ONLY ONE

# STÓRBÆKUR Á GÓÐU VERÐI!

## 4 NÝJAR OG GÓÐAR BÆKUR




Brúðan




Krýsuvík




Ungfrú Ísland




Stúlkan hjá brúnni


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 12. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Kínverjar segja réttarhöld yfir Huawei-stýru sýndarmennsku

**KANADA** Meng Wanzhou, fjármálastjóri Huawei og dóttir stofnanda kínverska tæknifyrirtækisins, mætti fyrir dóm í Vancouver í Kanada í gær og á sunnudag í von um að verða leyst úr haldi gegn tryggingu. Wanzhou var handtekin í upphafi mánaðar. Upphaflega var talið að ástæðan tengdist meintum brotum Huawei á viðskiptaþvingunum gegn Íran og jafnvel Norður-Kóreu. Vancouver Star greindi svo frá því um helgina að hún væri sökuð um fjársvik. Bandaríkin krefjast framsals Meng.

» Meng Wanzhou er fjármálastjóri Huawei. Fyrirtækið er annar stærsti farsímaframleiðandi veraldar.



Meng Wanzhou, fjármálastjóri Huawei.

Yfirvöld í Kína eru æf yfir málinu. Kínverski ríkismiðillinn China Daily fjallaði um málið í gær og sagði réttarhöldin dæmi um sýndarmennsku. Þeim væri ætlað að niðurlægja Kínverja fyrir að dirfast að storka Bandaríkjamönnum á tæknimarkaði. Þess ber að geta að á snjallsímamarkaði er Huawei næststærst í heimi á eftir Samsung en vinsælla en hið bandaríska Apple.

Ritstjórn kínverska blaðsins sagði Kanadamenn brjóta á réttindum Meng með því að handtaka hana án þess að útskýra ástæðu handtökunnar fyrir henni. Hún væri meðhöndluð sem hættulegur glæpamaður, ofbeldismaður, vegna fyrrnefndrar sýndarmennsku. Kínverska utanríkisráðuneytið kallaði sendiherra Bandaríkjanna og Kanada á sinn fund í gær vegna málsins. Í tilkynningu sagði ráðuneytið að Bandaríkjamenn hefðu brotið á svívirðilegan hátt gegn Kínverjum og að Kína myndi grípa til frekari aðgerða.

Bandaríkin hafa áður gripið til aðgerða gegn Huawei. Bannað sölu á símum fyrirtækisins og bannað opinberum stofnunum að nota netbúnað frá því. Bandarískar öryggisstofnanir á borð við NSA, CIA og FBI telja að stjórnvöld í Kína noti vörur Huawei til þess að njósna um andstæðinga sína. Því hafa Kínverjar og Huawei hafnað. – **þea**



**Rúmur helmingur landsmanna vill fá nýja stjórnarskrá.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Ný stjórnarskrá nýtur stuðnings

**SAMFÉLAG** Rúmur helmingur þjóðarinnar telur mikilvægt að Íslendingar fái nýja stjórnarskrá á kjörtímabilinu samkvæmt nýrri könnun MMR. Tæpur þriðjungur telur það lítilvægt og um fimmtungur svaraði bæði og. Minnkar stuðningur við nýja stjórnarskrá aðeins milli ára en þó fjölgar þeim lítillega sem telja mjög mikilvægt að fá nýja stjórnarskrá.

Stuðningur við nýja stjórnarskrá er mestur meðal elsta aldurshópsins en minnstur meðal þess yngsta. Þá er meiri stuðningur við nýja stjórnarskrá meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins en íbúa landsbyggðarinnar.

Kjósendur Pírata eru hlynntastir nýrri stjórnarskrá en 89 prósent þeirra telja hana mikilvæga, 85 prósent kjósenda Flokks fólksins eru sömu skoðunar og 83 prósent kjósenda Samfylkingarinnar.

Minnstur stuðningur er hjá kjósendum Sjálfstæðisflokksins en 66 prósent þeirra telja það lítilvægt að fá nýja stjórnarskrá og 59 prósent kjósenda Miðflokksins eru sömu skoðunar. – **sar**

FRÉTTABLAÐIÐ

**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Raunverulegar kerfisbreytingar lykill að sátt á vinnumarkaði

**Formaður VR segir að það ætti að skýrast í lok vikunnar hvort samningsaðilar nái saman eða kjaraviðræðum verði vísað til ríkissáttasemjara. Launaliðurinn hafi þegar verið ræddur lítillega en ýmis mál séu í vinnslu. Hann telur raunverulegar kerfisbreytingar til að bæta lífskjör lykilinn að sátt á vinnumarkaði.**

**KJARAMÁL** „Það þarf að liggja fyrir eins fljótt og hægt er hvort við náum saman. Við ætlum að setja allt púður í þetta í vikunni en ég held að framhaldið muni skýrast í lok vikunnar. Ef niðurstaðan verður sú að málinu verði vísað til ríkissáttasemjara munum við leggja allt í sölurnar til að ná saman þar,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, um stöðuna í kjaraviðræðum.

Samninganefndir VR og SA hafa átt nokkra fundi og hittast aftur í dag. „Við ætlum að taka langan fund og markmiðið er að reyna að komast til botns í því eins fljótt og hægt er hvort við sjáum til lands eða ekki. Þetta verða mjög flóknir samningar en það er verið að vinna á fullu. Svo er bara spurning hvort við þurfum á einhverjum tímapunkti að endurskoða okkar nálgun.“

Ragnar Þór segir aðila aðeins farna að ræða launaliðinn en í leiðinni sé unnið að praktískum atriðum og bókunum. „Við erum að koma hópavinnu í gang og það eru ýmis mál komin í vinnslu hjá sérfræðingum VR og SA. Varðandi aðkomu stjórnvalda förum við vonandi að sjá eitthvað til sólar í vinnu skattahópsins sem er í gangi.“

Ragnar Þór segist enn leggja mikla áherslu á að samið verði til þriggja ára. „Það er stemning í samfélaginu fyrir átökum eins og við sáum í könnun MMR. Það er stemning með nýrri forystu núna og ég er hræddur um það að hún gæti tapast að einhverjum hluta ef við fylgjum ekki þessari kröfu okkar um lengri samning vel eftir. Lengri samningi fylgja að mínu mati meiri líkur á raunverulegum kerfisbreytingum.“




**Ragnar Þór Ingólfsson segist enn þokkalega bjartsýnn en kjarasamningar losna um áramót.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Ræða þurfi gjaldmiðilsmálin

Aðspurður segir Ragnar Þór að staða gjaldmiðilsins hafi ekki verið rædd innan VR eða ASÍ en krónan hefur veikst töluvert undanfarið. „Við vitum það að gjaldmiðillinn okkar hefur verið notaður í þágu ríkasta minnihluta þjóðarinnar. Það er okkar hópur sem borgar fyrir sveiflur á gjaldmiðlinum en svo eru aðrir hópar í okkar samfélagi sem njóta á móti góðs af því.“

Hann segir að breytingar í gjaldmiðilsmálum verði ekki að veruleika innan tímaramma þeirra kjarasamninga sem nú eru til umræðu. Hins vegar sé æskilegt að ræða þessi mál til framtíðar.

„Þetta er það mikið hagsmunamál almennings og okkar félagsmanna að það væri í raun fáránlegt ef verkalýðshreyfingin væri ekki að velta þessum málum upp og ræða.“

Það gæti verið lykillinn að því að opinberu stéttarfélögin verði með í lengri sátt á vinnumarkaði. „Ég er ekki hlynntur því ástandi sem verið hefur að félögin eru alltaf að semja til tólf mánaða með sex mánaða millibili. Við gerum samning, svo koma aðrir hópar og vilja meira. Ég held að lykillinn að sáttinni liggi fyrst og fremst í raunverulegum kerfisbreytingum til að reyna að bæta hér lífskjör fólks á kannski mun breiðari skala en gert hefur verið áður.“ **sighvatur@frettabladid.is**



# HÖRÐU PAKKARNIR FÁST Í SINDRA

TOPTUL®

TILBOÐ

## 94 HLUTA TOPPLYKLASETT

1/4" toppar, E-toppar, hjöruliður, skrall og bitahaldarar.
1/2" toppar, torx E-toppar og fleira.

vnr IBTGCAI094R

**12.519** m/vsk

Fullt verð 17.884



TILBOÐ

## 130 HLUTA VERKFÆRASETT

1/4", 3/8" og 1/2" toppar, E-toppar, hjöruliður, skrall og bitahaldarar.
Fastir lyklar

vnr IBTGCAI130B

**19.449** m/vsk

Fullt verð 29.922



TILBOÐ

## HJÓLABORÐ MEÐ SKÚFFU

Verkfæraborð með skúffu og hillu.
Stærð:
690 (L) x 470 (B) x 815 (H) mm.

vnr IBTTCAD0101

**25.655** m/vsk

Fullt verð 36.650



TILBOÐ

## SKÓTÖNG

Til að krumpa rafmagnsskó
5 skiptanlegir kjaftar fylgja með1

vnr IBTGAAI0605

**7.426** m/vsk

Fullt verð 12.376



TILBOÐ

## 150 HLUTA VERKFÆRASETT

1/4" toppar, E-toppar, hjöruliður, skrall og bitahaldarar.
1/2" toppar, torx E-toppar.
Skrúfjárn, hamar, griptöng, fastir lyklar og fleira.

vnr IBTGCAI150R

**29.395** m/vsk

Fullt verð 45.222



TILBOÐ

## 28 HLUTA TOPPLYKLASETT

Skrall 36 tanna með læsingu
Toppar: 8 - 32mm
Framlengingar: 5" & 10"
T-Skaft, liður.
Framlengingu með LED ljósi.

vnr IBTGCAI2802

**7.452** m/vsk

Fullt verð 11.465



TILBOÐ

## PENNALJÓS LED

5W COB
230 Lumen
3xAAA

vnr IBTJJAT0405S

**1.769** m/vsk

Fullt verð 2.722




TILBOÐ

## 51 HLUTA TOPPLYKLASETT

Skrall 36 tanna með læsingu
Toppar: 4 - 14mm.
Framlenging sveigjanleg 6"
Framlenging: 2" & 4"
Liður, T-skaft og fleira.

vnr IBTGCAI5102

**5.893** m/vsk

Fullt verð 8.419



TILBOÐ

## 96 HLUTA VERKFÆRASETT

1/4" toppar, E-toppar, hjöruliður, skrall og bitahaldarar.
1/2" toppar, torx E-toppar og fleira.
Skrúfjárn og fastir lyklar.

vnr IBTGCAI9601

**18.931** m/vsk

Fullt verð 29.125



TILBOÐ

## 151 HLUTA TOPPLYKLASETT

1/4", 3/8" og 1/2" toppar, E-toppar, hjöruliður, skrall og bitahaldarar.
Toppastærðir 4,5 - 32 mm.

vnr IBTGCAI151R

**19.412** m/vsk

Fullt verð 29.865



# Þetta reddast alls ekki



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Eftir atburði síðustu daga á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Póllandi liggur fyrir að ríkisstjórn Donalds Trump hefur ekki í hyggju að fylgjast með af hliðarlínunni meðan heimsbyggðin tekur höndum saman um aðgerðir til að stemma stigu við loftslagsbreytingum og losun gróðurhúsalofttegunda. Þvert á móti virðist staðreyndin vera sú að Trump og erindrekar Bandaríkjastjórnar ætla að beita sér markvisst gegn því að samstaða náist um þessi mikilvægu markmið og aðgerðir.

Bandaríkin hafa stillt sér upp við hlið Rússlands, Sádi-Arabíu og Kúveit og freista þess nú að koma í veg fyrir að nýleg skýrsla milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál, sem varpaði ljósi á brýna þörf á að draga úr losun ef halda ætti hnattrænni hlýnun innan við 1,5 gráður, verði innleidd af krafti í þá samningagerð sem nú stendur yfir í Póllandi. Löndin fjögur eru öll annaðhvort, eða hvort tveggja, stórnotendur eða stórframleiðendur á jarðefnaeldsneyti.

Við finnum nú þegar fyrir áhrifum loftslagsbreytinga, og þau áhrif munu magnast á hverju ári í fyrirsjáanlegri framtíð. Þessi staðreynd er engum dulin, ekki einu sinni Bandaríkjaforseta eða kollega hans í Moskvu. Fulltrúar Rússlands og Bandaríkjanna hafa tekið meðvitaða ákvörðun um að virða velferð og framtíð þegna sinna að vettugi með því að hampa frekar hinu óbreytta ástandi. Þeir vita auðvitað að þeir verða ekki til staðar þegar til kastanna kemur; þegar áskoranir og erfiðleikar umbreytast í óviðráðanlegar hörmungar.

Við fengum nasasjón af einni birtingarmynd þessara hörmunga í Póllandi í gær þegar hópur fjárfesta, sem saman sýsla með fjármuni sem nema 32 trilljónum Bandaríkjadala, varaði við því að án markvissra aðgerða til að draga úr kolabruna og losun gróðurhúsalofttegunda muni efnahagskreppa að líkindum skella á heimsbyggðinni sem verður margfalt dýpri en sú sem reið yfir árið 2008.

Þessi kreppa verður þó ekki aðeins af efnahagslegum toga. Kreppa þessi mun raungerast í loftslagsbreytingum sem ógna bæði velferð allra jarðarbúa og þeim lífkerfum sem síðustu árþúsundir hafa staðið í viðkvæmu en nægilega stöðugu jafnvægi til að gefa okkur tækifæri til að blómstra sem tegund.

Loftslagsmálin eru flókið og oft yfirþyrmandi umfjöllunarefni. Að upplifa doða eða uppgjöf frammi fyrir svo risavöxnu vandamáli eru eðlileg viðbrögð. Í aldanna rás hefur maðurinn tileinkað sér það skynsamlega viðhorf að læra af reynslunni, því miður er það svo að í tilfelli loftslagsbreytinga höfum við hvorki efni á né tíma til að taka mið af fortíðinni. Hins vegar vill svo heppilega til að á krefjandi tímum sem þessum höfum við nú, í krafti vísinda, samstöðu og mannúðar, tækifæri til að bregðast við og taka af skarið áður en það verður of seint.

**Að upplifa doða eða uppgjöf frammi fyrir svo risavöxnu vandamáli eru eðlileg viðbrögð.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Örtröð í föðurhúsum**

**Björn Ingi Hrafnsson gerði nokkurn usla í fréttanetheimum þegar hann „staðfesti“ á nýjum vef sínum, viljinn.is, að Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi VG, og Gunnlaugur Bragi Björnsson, varaborgarfulltrúi Viðreisnar, hefðu setið við borð fullu Miðflokksþingmannanna á Klaustri. Líf og Gunnlaugur vísuðu þessu bæði, harðorð mjög, til „föðurhúsanna“ á Facebook. Líf sagði „ekki frétt“ Björns Inga vera „lygaspuna frá óvildarmönnum“, Gunnlaugur greindi einbeittan vilja vina Sigmundar til þess að „bjarga honum frá falli“, eins og þessi „aumkunarverða tilraun“ Björns Inga sannaði.**

**Viljaleysi til lesturs**

**Fréttablaðið.is og visir.is greindu frá viðbrögðum borgarfulltrúanna og kunni þingmaðurinn fyrrverandi Þór Saari síðarnefnda miðlinum litlar þakkir og hótaði í athugasemd að hætta að lesa hann. „Fjölmiðill sem vill láta taka sig alvarlega vitnar ekki í vefsíðu Björns Inga.“ Þór er ekki einn í siðgöngunni en þegar Þórður Snær Júlíusson svaraði dómi Brynjars Níelssonar um Kaupþingsbók hans á Viljanum sagðist hann ekki vilja „hlekkja inn á þann vef vegna þess að ég hef efasemdir um að þar sé rekin starfsemi sem grundvallast af heilindum og vilja til þess að upplýsa almenning“. Mikill er máttur viljans.** thorarinn@frettabladid.is

# Landsnet í eigu þjóðar



Kolbeinn Óttarsson Proppé
þingmaður Vinstri grænna

Landsnet er eitt þeirra mikilvægu fyrirtækja sem sinna því sem okkur stjórnmálamönnum er tamt að kalla innviði; það sem þjóðin öll nýtur í gegnum samneyslu sína. Eignarhaldi á slíku fyrirtæki er því best fyrir komið hjá ríkinu sjálfu. Öllum er ljóst hve mikilvægt er að tryggja að rafmagn flæði um landið allt. Það mikilvægi þarf ekki að reifa frekar, því flestir landsmenn búa við þær aðstæður að þurfa ekki að velta dreifingu rafmagns mikið fyrir sér; það er bara þarna og allt virkar svo við getum kveikt ljós í eldhúsinu.

Því miður búa ekki allir við slíkt öryggi. Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku var samþykkt á Alþingi í júní. Þar er sérstaklega kveðið á um að tryggja skuli afhendingaröryggi á raforku um allt land, en nokkur misbrestur hefur verið á því. Atvinnuveganefnd tiltók við afgreiðslu sína að setja ætti þau svæði í sérstakan forgang þar sem staðan er verst; Vestfirði, Eyjafjarðarsvæðið og Suðurnes.

Eignarhald Landsnets er um margt nokkuð sérstakt. Það er í dag hlutafélag í eigu Landsvirkjunar, RARIK, Orkuveitu Reykjavíkur og Orkubús Vestfjarða. Landsvirkjun á langstærsta hlutann, eða tæp 65%.

Þetta fyrirkomulag er um margt óheppilegt og hefur m.a. Ríkisendurskoðun gert athugasemdir við það. Mikilvægt er nefnilega að tryggja sjálfstæði Landsnets gagnvart aðilum á raforkumarkaði, en í því ljósi er ekki eðlilegt að fyrirtækið sé í eigu stærstu framleiðenda raforku á landinu. Eins og fram kemur í eftirfylgniskýrslu Ríkisendurskoðunar frá í febrúar, tekur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið undir þessar athugasemdir og hefur til skoðunar tillögur um að fyrirtækið yrði í beinni eigu ríkis og/eða sveitarfélaga, en ekki orkufyrirtækja í þeirra eigu.

Landsnet hefur með höndum það verkefni að tryggja það að rafmagn berist til allra landsmanna. Það er þjóðfélagslega mikilvægt verkefni og eðlilegast að það fyrirtæki sem því sinnir sé í beinni eigu ríkisins. Raforkukerfið er okkar allra og á að vera í eigu okkar allra.

**Það er þjóðfélagslega mikilvægt verkefni og eðlilegast að það fyrirtæki sem því sinnir sé í beinni eigu ríkisins. Raforkukerfið er okkar allra og á að vera í eigu okkar allra.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Að fá sér hund og halda hann svo í búri



Hallgerður Hauksdóttir
formaður Dýraverndarsambands Íslands

### Lágmarksflötur búra og stía fyrir hunda í fermetrum

| | Hæð á herðakamb hundsins | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi hunda | <25 sm | 25-35 sm | 36-45 sm | 46-55 sm | 56-65 sm | >65 sm |
| Einn hundur | 2 | 2 | 2,5 | 3,5 | 4,5 | 5,5 |
| Tveir hundar | 2 | 2,5 | 3,5 | 4,5 | 6 | 7,5 |
| Fyrir hvern hund skal auka rými um | 1 | 1 | 2 | 2 | 3 | 3 |
| Tíkur með hvolpa | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 |

Ný reglugerð um velferð gæludýra kom út 2016. Í reglugerðinni er margt til bóta fyrir gæludýr og verður sérstaklega að benda á leyfilega búrstærð sem heimilt er að halda hunda í til daglegrar vistarveru. Mikill munur er á þeim og á ferðabúrum.

Sá vondi siður hefur því miður mótast á Íslandi undanfarin ár að geyma hunda í ferðabúrum. Sums staðar eru þeir lokaðir inni í þessum búrum yfir nóttina og svo hleypt út til að pissa á morgnana. Lokaðir aftur inni í búrunum yfir daginn á meðan eigandinn er að vinna og síðan hleypt út síðdegis. Þessir hundar eru því hreinlega lokaðir inni í ferðabúrum meiri hluta sólarhringsins. Svo eru þeir jafnvel lokaðir aftur inni í búrinu allt kvöldið.

Oft er sú ástæða gefin að þeir séu órólegir eða erfiðir, eða af því að þeim finnist sjálfum þeir bara vera öruggir í búrunum sínum. Þetta er dapurleg lausn, byggð á algerum misskilningi eða á tilhneigingu okkar mannanna til að finna auðvelda leið fyrir okkur sjálf.

Með þessum hætti losum við okkur við vinnuna við að umhverfisþjálfa hundana og því getur komið fram hegðunarvandi. Í 18. grein reglugerðarinnar um aðbúnað og umönnun hunda segir að umráðamaður þurfi „að sinna umhverfisþjálfun og félagslegri þörf hans við manninn“.

Hundur sem er ekki umhverfisþjálfaður er í raun vanræktur. Hann verður vansæll. Fólk sem heldur hunda með ábyrgum hætti veit að það þarf að aðlaga þá að lífinu með manninum. Við kennum hundinum að halda ró sinni í ýmsum aðstæðum, dvelja í ferðabúrum á ferðalögum, sinnum honum sem vini og félaga og sjáum honum fyrir nægilegri hreyfingu og atlæti. Hundar sem eru umhverfisvandir kunna sig og eru öllum til ánægju.

**Oft er sú ástæða gefin að þeir séu órólegir eða erfiðir, eða af því að þeim finnist sjálfum þeir bara vera öruggir í búrunum sínum. Þetta er dapurleg lausn, byggð á algerum misskilningi eða á tilhneigingu okkar mannanna til að finna auðvelda leið fyrir okkur sjálf.**

Það er dapurlegt til þess að hugsa hversu margir óumhverfisvandir hundar verja meirihluta sólarhringsins innilokaðir í litlum búrum, en fólk þarf að vera meðvitað um að það er ekki heimilt og ekki í samræmi við dýravelferð.

Notkun ferðabúra til daglegrar vistarveru er bönnuð í nágrannalöndum okkar vegna þess að vitað er að hún er andstæð velferð hundanna. Það var sannarlega líka kominn tími til að leiðrétta þetta hér heima með þessari nýju reglugerð. Flutningsbúr, eins og þau eru nefnd í reglugerðinni, eru einfaldlega til að flytja hunda í á milli staða. Í 13. gr. um flutninga segir að búrið skuli: „vera það rúmt að gæludýrið geti staðið í því, snúið sér við, legið og hvílst.“ En þetta eru ekki viðmið fyrir daglegar vistarverur. Þar gilda allt aðrar stærðir og þær koma fram í töflu í viðauka II við reglugerðina. Margir hafa opin ferðabúr á heimilum sem hundar fá að velja sjálfir að nota og búrinu er ekki lokað á eftir þeim, þá er það eins og hvert annað ból sem hundurinn kýs að nota og getur stigið út úr. En þegar við erum að loka á eftir hundunum þá gildir önnur regla.

Fyrir allra minnstu hundana má gólfrýmið í daglegum vistarverum ekki vera minna en tveir fermetrar. Fyrir hunda eins og labrador þarf allt að fjórum og hálfum fermetra. Víða erlendis notar fólk færanlegar grindur eða til dæmis eitt ákveðið herbergi til að halda hundana í sem daglegar vistarverur. En hvaða leið sem við veljum, snúum samt bökum saman gegn þessari óheillabraut með ferðabúrin – hættum að nota þau til að „geyma“ hundana í. Það er ekki góð meðferð á dýrum.

# Hjálpum heimilislausum



Vörður Leví Traustason
framkvæmdastjóri Samhjálpar

Heimilislausum og utangarðsfólki hefur fjölgað um 95% á höfuðborgarsvæðinu frá 2012. Ástandið sem hefur ríkt í málefnum þeirra hefur verið skelfilegt.

Á sínum tíma var á vegum Hjálpræðishersins opið dagsetur fyrir utangarðsfólk á Eyjaslóð. Rekstri þess var hætt í lok ágúst 2015 þegar leigusamningi var sagt upp og húsnæðið var tekið til annarra nota.

Í dag er Kaffistofa Samhjálpar opin á daginn fyrir einstaklinga sem búa við fátækt til að seðja hungur sitt og í Vin á Hverfisgötu hafa einstaklingar sótt sem treysta sér til að fara að húsreglum. Næturskýli Reykjavíkurborgar eru lokuð milli 10 og 17 og ekki nægilega mörg gistipláss til að mæta þörf yfir nóttina.

Reykjavíkurborg hefur kynnt tillögur til að bregðast við þessari stöðu. Ætlunin er að staðsetja 25 smáhýsi fyrir heimilislausa víðs vegar í borginni og láta Félagsbústaði hafa meiri fjármuni til að byggja fleiri leiguíbúðir. Auk þess er ætlunin að koma á fót nýju neyðarskýli fyrir unga heimilislausa vímuefnaneytendur í Reykjavík, sk. neyslurými í samstarfi við Rauða krossinn og ríkið. Allt skiptir máli til að takast á við þennan mikla vanda en meira verður að koma til.

**Veturinn er genginn í garð, Esjan hvítnar og norðanáttin blæs ísköldum vindstrengjum yfir borgina. Mikill kvíði er meðal fólks sem veit ekki hvar sinn næsti næturstaður verður.**

Fyrr á árinu voru samþykktar tillögur Velferðarvaktarinnar um bættar aðstæður utangarðsfólks. Þar var talið mikilvægast að koma upp dagdvöl fyrir utangarðsfólk sem verði opin allan daginn. Þar væri snyrtiaðstaða og sturtur, matur, fataúthlutun, hvíldaraðstaða, virkni og launuð verkefni, félagsráðgjöf og heilbrigðisþjónusta. Æskilegt væri að dagdvöl yrði ekki langt frá Gistiskýlinu og Konukoti.

Velferðarvaktin lagði einnig áherslu á að bæta aðgengi að meðferð við vímuefnavanda og uppræta biðlista. Koma þyrfti á fót fleiri áfangaheimilum þar sem stutt yrði við utangarðsfólk. Einnig þyrfti að tryggja aðgengi að öruggu húsnæði til lengri tíma. Útvega þyrfti atvinnutækifæri þ.e. lágþröskuldsvinnu (low threshold work) sem gæti hentað utangarðsfólki. Að lokum væri mikilvægt að stofnaður yrði formlegur starfshópur af heilbrigðisráðherra, félags- og jafnréttismálaráðherra og formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem unnið yrði að ofangreindum aðgerðum í samstarfi við frjáls félagasamtök sem sinna málefnum utangarðsfólks.

Veturinn er genginn í garð, Esjan hvítnar og norðanáttin blæs ísköldum vindstrengjum yfir borgina. Mikill kvíði er meðal fólks sem veit ekki hvar sinn næsti næturstaður verður. Nú verða allir að vera tilbúnir til að vinna saman að lausn þessa brýna vanda og lýsir Samhjálp sig tilbúna til samstarfs við alla þá sem vilja gera betur og hætta að horfa í aðra átt þegar þeir mæta hinum mikla vanda sem utangarðsfólk á við að etja.



FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT

## Adam kom Haukum til bjargar




Adam Haukur Baumruk skoraði jöfnunarmark Hauka gegn FH á lokasekúndunni í viðureign liðanna í Kaplakrika í gær. Lokatölur 25-25. Fyrri leikur FH og Hauka í Olís-deildinni endaði einnig með jafntefli. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir úr leik FH og Hauka er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Heimir þjálfar katarskt lið sem á sér sögu um litla þolinmæði

**Heimir Hallgrímsson klæðir sig aftur í þjálfaragallann eftir að hafa ekki starfað sem þjálfari frá því um miðjan júlí. Ólíklegt er að Heimir hafi séð fyrir sér að þjálfa á næsta áfangastað sínum þegar ferill hans hófst í Vestmannaeyjum. Hann samdi við Al Arabi til ársins 2021 en liðið er um miðja katörsku úrvalsdeildina.**

**FÓTBOLTI** Heimir Hallgrímsson, sem hætti störfum sem þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu í sumar, hefur fundið næsta áfangastað á þjálfaraferli sínum. Heimir heldur á ótroðnar slóðir hjá íslenskum knattspyrnuþjálfurum og raunar leikmönnum einnig, en hann mun starfa í Katar næstu árin. Hann samdi við katarska úrvalsdeildarliðið Al Arabi um að þjálfa liðið til ársins 2021.

Sé litið til sögunnar hvað varðar veltu á þjálfurum hjá liðinu er hins vegar alls kostar óvíst að Eyjamaðurinn muni staldra svo lengi við í Persaflóanum. Undanfarin 12 ár hafa 22 þjálfarar stýrt liðinu, en meðal þeirra eru Rúmeninn Dan Petrescu og Ítalinn Gianfranco Zola, fyrrverandi samherjar hjá Chelsea. Heimir er hins vegar ekki vanur að tjalda til einnar nætur og vonandi að hann fái tíma til þess að byggja upp lið sitt.

Heimir verður mestmegnis með Spánverja í þjálfarateymi sínu hjá Al Arabi, en knattspyrnan sem leikin er í Katar er undir miklum spænskum áhrifum. Hann mun hins vegar njóta liðsinnis ungs og afar efnilegs þjálfara af Seltjarnarnesinu við störf sín. Bjarki Már Ólafsson, sem er 24 ára gamall og hefur verið afreks- og yfirþjálfari hjá Gróttu auk þess að þjálfa yngri flokka hjá félaginu og vera í þjálfarateymi meistaraflokks karla undanfarin ár, mun aðstoða Heimi.



Al Arabi var stofnað árið 1952.

Heimir stýrir Al Arabi í fyrsta sinn 21. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Heimir fær Bjarka Má til að aðstoða sig, en Bjarki sá um að leikgreina og kynna andstæðinga íslenska landsliðsins á meðan Heimir stýrði liðinu. Það er gríðarlega jákvætt að sjá þennan þjálfara sem á framtíðina fyrir sér fá tækifæri í þessu spennandi starfi. Þeir félagar eru nú þegar fluttir til Doha, höfuðborgar Katar, þar sem félagið hefur aðsetur og hafa hafið störf. Al Arabi æfir á einu flottasta æfingasvæði í heimi hjá Aspire akademíunni en þar starfar úrvalslið lækna, sjúkraþjálfara og vísindamanna á sviði knattspyrnunnar.

Al Arabi sem hefur sjö sinnum orðið katarskur meistari síðan liðið var stofnað árið 1952 situr þessa stundina í sjötta sæti deildarinnar. Gullaldarskeið félagsins var frá 1991 til 1997, en liðið varð fimm sinnum landsmeistari á því árabili. Frá árinu 1997 hefur liðinu ekki tekist að tryggja sér katarska meistaratitilinn og Heimi er líklega ætlað að færa liðið aftur í fremstu röð.

Fyrsti leikur Heimis í brúnni er í katarska bikarnum 21. desember. Liðið er án stiga í sínum riðli í þeirri keppni eftir þrjár leiki. Farið verður í jólafrí í kjölfarið og fyrsti leikur hjá Al Arabi eftir fríið er í sömu keppni 10. janúar. Katarska úrvalsdeildin samanstendur af 12 liðum og því eru 22 umferðir leiknar í deildinni. Sjö umferðir eru eftir af deildarkeppninni á yfirstandandi leiktíð.

Markmiðið það sem eftir lifir leiktíðar er líklega að freista þess að komast í Meistaradeild Asíu, en Al Arabi er sjö stigum á eftir Al Sailiya sem situr eins og sakir standa í þriðja sæti sem er neðsta sætið sem veitir þátttökurétt í undankeppni Meistaradeildarinnar. Þá eru sex stig upp í fjögur efstu sæti deildarinnar, en þau lið sem enda þar taka þátt í úrslitakeppni deildarinnar sem leikin er í lok leiktíðar í Katar.

**hjorvarolafsson@frettabladid.is**

## Nýjast

### Olís-deild karla

**FH - Haukar 25-25**

**Markahæstir:** Bjarni Ófeigur Valdimarsson 8, Ásbjörn Friðriksson 5/1, Ágúst Birgisson 3, Arnar Freyr Ársælsson 3 - Heimir Óli Heimisson 5, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 4, Adam Haukur Baumruk 4, Orri Freyr Þorkelsson 4/1.

**Selfoss - ÍR 31-30**

**Markahæstir:** Elvar Örn Jónsson 8/2, Atli Ævar Ingólfsson 6, Hergeir Grímsson 5, Guðjón Baldur Ómarsson 5, Haukur Þrastarson 4 - Björgvin Hólmgeirsson 8/3, Pétur Árni Hauksson 6, Kristján Orri Jóhannsson 5, Sturla Ásgeirsson 4.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Selfoss | 18 | KA | 10 |
| Valur | 18 | ÍBV | 10 |
| Haukar | 17 | ÍR | 9 |
| FH | 16 | Fram | 7 |
| Afturelding | 15 | Grótta | 6 |
| Stjarnan | 12 | Akureyri | 6 |

### Dominos-deild karla

**Skallagrímur - Valur 96-105**

**Stigahæstir:** Aundre Jackson 28/10 fráköst, Domagoj Samac 24, Bjarni Guðmann Jónsson 17, Matej Buovac 9 - Kendall Anthony 48, Aleks Simeonov 13/12 fráköst, Austin Magnus Bracey 11, Benedikt Blöndal 11, William Saunders 8.

**Grindavík - Haukar 111-102**

**Stigahæstir:** Ólafur Ólafsson 25, Tiegbe Bamba 22/12 fráköst, Jordy Kuiper 21/9 stoðsendingar, Lewis Clinch 16, Sigtryggur Arnar Björnsson 10 - Hilmar Smári Henningsson 28/9 fráköst, Haukur Óskarsson 25, Hjálmar Stefánsson 23.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Tindastóll | 16 | ÍR | 8 |
| Njarðvík | 16 | Haukar | 8 |
| Keflavík | 14 | Þór Þ. | 6 |
| Stjarnan | 10 | Valur | 6 |
| KR | 10 | Skallagrímur | 4 |
| Grindavík | 8 | Breiðablik | 2 |

### Enska úrvalsdeildin

**Everton - Watford 2-2**

1-0 Ricarlison (15.), 1-1 Seamus Coleman, sjálfsmark (63.), 1-2 Abdoulaye Doucouré (65.), 2-2 Lucas Digne (90+6.).

# Stóri hópurinn fyrir HM valinn

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í handbolta, hefur valið þá 28 leikmenn sem koma til greina í íslenska hópinn sem fer á heimsmeistaramótið í Danmörku og Þýskalandi í næsta mánuði. Þann 19. desember næstkomandi verður 20 manna æfingahópur fyrir HM tilkynntur á blaðamannafundi.

Fátt kemur á óvart í vali Guðmundar, nema kannski helst að markvörðurinn ungi og efnilegi úr Fram, Viktor Gísli Hallgrímsson, er ekki í hópnum eins og hann hefur verið síðustu misseri. Markverðir í íslenska hópnum eru Aron Rafn Eðvarðsson, Ágúst Elí Björgvinsson, Björgvin Páll Gústavsson og Daníel Freyr Andrésson. Guðjón Valur Sigurðsson er í hópnum og gæti verið á leið á sitt 22. stórmót á ferlinum. Tólf úr 28 manna hópnum sem Guðmundur valdi léku á EM í Króatíu.

Æfingar íslenska liðsins fyrir HM hefjast 27. desember næstkomandi. Ísland mætir Barein í tveimur vináttulandsleikjum í Laugardalshöll, 28. og 30. desember. Annan janúar fer liðið til Noregs þar sem það tekur þátt í Gjendsidige Cup ásamt heimamönnum, Hollendingum og Brasilíumönnum. Ísland mætir Króatíu í fyrsta leik sínum á HM 11. janúar. **– iþs**




# Mikil dramatík í Hafnarfjarðarslag

FH og Haukar skildu jöfn, 25-25, í Hafnarfjarðarslag í Kaplakrika í Olís-deild karla í handbolta í gær. Adam Haukur Baumruk tryggði Haukum jafntefli þegar hann skoraði með síðasta skoti leiksins.





**Haukar eru í 3. sæti Olís-deildar karla með 17 stig, einu stigi á undan FH. Deildin fer í jóla- og HM-frí eftir næstu umferð.**





# Komast ensku liðin áfram í 16 liða úrslitin?

**FÓTBOLTI** Það ræðst í kvöld hvort Liverpool kemst í 16 liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu karla en lokaumferð í A-D riðlum keppninnar verður leikin í kvöld. Riðlakeppninni lýkur svo með átta leikjum í E-H riðlum annað kvöld.

Napoli sem trónir á toppi C-riðilsins með níu stig sækir Liverpool, silfurlið Meistaradeildarinnar á síðasta tímabili sem er með sex stig fyrir lokaumferðina, heim á Anfield í kvöld. Paris Saint-Germain sem hefur átta stig í öðru sæti riðilsins heimsækir svo Rauðu stjörnuna sem er úr leik í Meistaradeildinni en á enn veika von um að ná 3. sæti riðilsins og komast þannig í Evrópudeildina eftir áramót.

Ljóst er að 1-0 sigur Liverpool myndi fleyta Bítlaborgarliðinu áfram en nái Napoli að skora í leiknum þurfa heimamenn tveggja marka sigur til þess að tryggja sér áframhaldandi þátttöku í Meistaradeildinni.

Napoli vann fyrri leikinn gegn Liverpool með einu marki gegn engu. Stuðningsmenn Rauða hersins geta yljað sér við þá staðreynd að liðið er ósigrað í 18 Evrópuleikjum á Anfield í röð.

Tottenham Hotspur á nokkuð erfitt verkefni fyrir höndum gegn Barcelona á Nývangi. Spurs á í baráttu við Inter um að fylgja Barcelona í 16 liða úrslitin. Inter mætir PSV Eindhoven á San Siro. Tottenham tryggir sér sæti í 16 liða úrslitunum með sigri á Barcelona eða svo lengi sem liðið nær í betri úrslit en Inter.

Börsungar eru búnir að vinna B-riðilinn en þeir hafa fengið 13 stig af 15 mögulegum í Meistaradeildinni í vetur. Barcelona vann fyrri leikinn gegn Tottenham á Wembley, 2-4.

Atlético Mardrid og Borussia Dortmund eru komin upp úr A-riðlinum. Atlético mætir Club Brugge á útivelli og með sigri er toppsætið í riðlinum þeirra. Dortmund getur unnið riðilinn en til þess að það gerist þarf liðið að vinna Monaco á útivelli og treysta á að Club Brugge taki stig af Atlético.

Porto og Schalke eru komin í 16 liða úrslitin úr D-riðlinum. Lítil spenna er fyrir leiki kvöldsins í D-riðlinum því ljóst er að Porto endar í 1. sæti hans og Schalke í 2. sætinu. **– hó**



**James Milner og Harry Kane, leikmenn Liverpool og Tottenham.** NORDIC-PHOTOS/GETTY


## FUNDARBOÐ

Boðað er til hluthafafundar í Kviku banka hf., kt. 540502-2930, þriðjudaginn 18. desember 2018, í fundarsal A+B á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 105 Reykjavík, kl. 16:30.

**Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi mál:**

1. Tillaga stjórnar um kaup á öllu hlutafé í GAMMA Capital Management hf.: Lagt er til að hluthafafundur samþykki að Kvika banki hf. kaupi allt hlutafé í GAMMA Capital Management hf., með þeim skilmálum sem fram koma í tilkynningu Kviku banka hf. um kaupsamning sem birt var í fréttakerfi Nasdaq Iceland þann 19. nóvember 2018. Samþykki hluthafafundar verði með fyrirvara um tilskilin samþykki eftirlitsaðila.
2. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum, nánar tiltekið: Að ákvæði gr. 4.11 í samþykktum félagsins um eina undirnefnd stjórnar taki breytingum og kveði eftirleiðis á um skipun þriggja undirnefnda stjórnar; áhættunefndar, endurskoðunarnefndar og starfskjaranefndar.
3. Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.

Vísast til nánari umfjöllunar í tillögum stjórnar en dagskrá og endanlegar tillögur munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir hluthafafundinn. Umrædd skjöl eru einnig birt á heimasíðu félagsins, www.kvika.is.

Hluthöfum er heimilt að senda umboðsmann sinn á hluthafafundinn og skal umboðsmaður í slíkum tilvikum leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð má leggja fram á fundinum eða senda á skrifstofu bankans fyrir fundinn.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 16:00 á fundarstað.

KVIKA

Stjórn Kviku banka hf.









✝

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, bróðir, mágur og afi,

**Ásgeir Páll Sigtryggsson**

Þórsbergi 2, Hafnarfirði,

varð bráðkvaddur föstudaginn 7. desember. Útförin verður auglýst síðar.

**Heiða Theodórs Kristjánsdóttir**
**Bjarney Sigrún Ásgeirsdóttir** Darri Mikaelsson
**Berglind Sigríður Ásgeirsd.** Helgi Dagur Þórhallsson
**Valgerður Sif Ásgeirsdóttir**
**Bryndís Lilja Ásgeirsdóttir**
**Snædís María Ásgeirsdóttir**
**Brynjar Sigtryggsson** Anna Margrét Guðmundsd.
**Sigurveig K. Sigtryggsdóttir** Pétur Steingrímsson
og barnabörn.



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristrún Eymundsdóttir**

lést á Grund laugardaginn 8. desember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 17. desember kl. 15.

**Halldór Blöndal**
**Pétur Blöndal** Anna Sigríður Arnardóttir
**Eymundur Matthíasson**
**Þórir Bjarki Matthíasson**
**Ragnhildur Blöndal**
**Stella Blöndal** Ólafur Rastrick
og fjölskyldur.

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*



**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353



**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

# Tíðarandinn nær jafnvel í gegn í kirkjugörðunum

**Hólavallakirkjugarður í Reykjavík á að baki 180 ára sögu, frá 1838. Þar hvíla háir og lágir, alþýðufólk, lista- og stjórnmálamenn 20. aldar, persónur og leikendur í fullveldis- og sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.**



**Heimir segir Hólavallakirkjugarð draga dám af borgarskipulaginu.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hólavallakirkjugarði hefur aldrei verið raskað, við eigum enn fyrstu gröfina og vitum hvar hún er," segir Heimir Björn Janusarson, umsjónarmaður kirkjugarðsins við Suðurgötu sem tekinn var í notkun í nóvember 1838 og er því rétt rúmlega 180 ára.

Hólavallagarður tók við af Víkurgarði sem síðar hlaut nafnið Fógetagarður og er umdeildur staður á horni Aðalstrætis og Kirkjustrætis. Þar segir Heimir Björn fólk hafa verið grafið á fólk ofan í um 1.000 ár. Sami háttur hafi verið hafður á úti um alla Evrópu. Hann minnir á að við eigum fleiri gamla kirkjugarða í Reykjavík, til dæmis í Laugarnesi, Gufunesi og í Skógarseli í Breiðholti. Þeim hafi öllum verið raskað á einhvern hátt. „En sínotkun á kirkjugörðum lagðist af þegar menn áttuðu sig á sjúkdómahættu og meiri helgi var viðhöfð," lýsir hann.

Fjöldi Íslendinga hefur verið til moldar borinn í Hólavallagarði, jafnvel fram á 21. öld og þá í gamla frátekna fjölskyldugrafreiti. Heimir Björn segir skipulag garðsins sýna vissa þróun og heldur því fram að kirkjugarðar Reykjavíkur endurspegli borgarskipulagið að vissu leyti. „Þegar beinar línur myndast í Reykjavík, birtast líka beinar línur í kirkjugarðinum. Þegar götur eru gerðar í borginni verða líka til götur í kirkjugarðinum og þegar götur borgarinnar verða steinsteyptar, þá kemur líka steypa í kirkjugarðinn. Að ganga götuna sem liggur syðst í Hólavallagarði er eins og að ganga niður Snorrabrautina, þar sem Bergþórugata, Njálsgata og Grettisgata koma þvert á hana með sínum rammbyggðu húsum, nákvæmlega eins og steyptu reitirnir eru í garðinum."

Í kirkjugarðinum í Grafarvogi er þetta svipað, að sögn Heimis Björns. „Grafarvogsgarðurinn er hannaður á áttunda áratug síðustu aldar, á sama tíma og hverfið í kring og þá snerist allt um bíla. Mörg bílastæði eru við hvert hús og í garðinum átti að vera hægt að keyra að hverju leiði. Nú hefur því verið breytt. Tíðarandinn nær alls staðar í gegn."

**gun@frettabladid.is**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Pálmi Finnbogason**

Espigrund 6, Akranesi,

lést þriðjudaginn 27. nóvember. Útförin fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 12. desember klukkan 13.00.

**Fjóla Lind Gunnlaugsdóttir**
**Gunnlaugur Pálmason** Rut Karol Hinriksdóttir
**Víðir Pálmason** Helga Jónsdóttir
**Þuríður Ósk Pálmadóttir** Tryggvi Guðbrandsson
og barnabörn.



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Guðnýjar Maríu Jóhannsdóttur**

frá Þórshöfn.

**Jóhann A. Jónsson** Rósa Daníelsdóttir
**Rafn Jónsson** Kristín Alda Kjartansdóttir
**Hreggviður Jónsson** Hlín Sverrisdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



✝

Ástkær eiginkona mín,

**Bryndís Sigurðardóttir**

lést þann 8. desember á heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja.

**Kristinn Karlsson**
**Harpa Kristinsdóttir** Erlendur Þórisson
**Sigurður Kristinsson** Tign Zhou
**Arna Dís Kristinsdóttir** Tómas Bjarki Kristinsson
barnabörn og barnabarnabörn.



✝

Elsku mamma okkar, amma og tengdamamma,

**Ingibjörg Kristín Ólafsdóttir**

síðast til heimilis að Mýrarvegi 115, Akureyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð fimmtudaginn 6. desember. Útför fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 12. desember kl. 10.30.

**Jón Óli Ólafsson** Sigurbjörg Óladóttir
**Kristín María Ólafsdóttir** Sigurður Gunnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

# Fólk Jól

ÞRIÐJUDAGUR 11. DESEMBER 2018



Kolbrún Völkudóttir og Valgerður Guðnadóttir sameinast í jólasöngvum á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á laugardag og sunnudag. MYNDIR/ERNIR

# Gleði og hátíðleiki hjá Sinfóníunni

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru í hugum margra ómissandi á aðventunni. Öll fjölskyldan sameinast í Eldborg og hlýðir á falleg jólalög á sannkölluðum hátíðartónleikum. →2

*Jólamatur*
*til að taka með*
*Steikarveisla - 2.990 kr. á mann*
*Hangikjötsveisla - 3.490 kr. á mann*
*+ jólaforréttir*



*Pantanir í síma*
*517 3131 eða 696 5900*
SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Sjávarbarinn – Grandagarði 9 – sjavarbarinn.is

BLUE DIAMOND
RAKAKREM OG
DEMANTS KORNAMASKI




Fæst í apótekum og www.heilsanheim.is



Þessi mynd var tekin á jólatónleikunum í fyrra. Eldborgarsalur Hörpu var fallega skreyttur og svo verður einnig nú. Margir listamenn koma að tónleikunum og gestir upplifa hið eina rétta jólaskap.

Framhald af forsíðu ➪

Það verður sérstök íslensk stemming á tónleikunum um næstu helgi í tilefni af aldarafmæli fullveldisins. Áherslan verður á íslensk jólalög, meðal annars eftir Jórunni Viðar tónskáld sem hefði orðið hundrað ára á árinu. Meðal þekktra laga Jórunnar sem hljóma á tónleikunum eru Jól og Það á að gefa börnum brauð. Sömuleiðis verður sungið um jólaköttinn, íslensku jólasveinana, Grýlu og Leppalúða. Lög sem allir Íslendingar þekkja vel. Þá verður fluttur forleikur með öllum helstu lögum Gunnars Þórðarsonar eins og Aðfangadagskvöldi, þegar líða fer að jólum og Jóladraumi. Í lok tónleikanna er hefð fyrir því að allir syngi saman Heims um ból en svo vill til að sálmurinn á 200 ára afmæli á þessu ári.

## Í jólaskapi

Valgerður Guðnadóttir syngur einsöng ásamt Kolbrúnu Völkudóttur sem flytur lögin á táknmáli. Kolbrún hefur komið fram á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands undanfarin ár og vakið mikla athygli. Valgerður segir að þetta sé í fyrsta skipti sem hún syngi á jólatónleikunum og hún hlakki mikið til. „Ég er mjög spennt að fá að vera með á tónleikunum. Það er ótrúlega skemmtilegt að vera hluti af svona lifandi hóp sem samanstendur af hljóðfæraleikurum, barnakórum og listdönsurum. Þetta er hátíðlegt og fallegt,“ segir Valgerður sem er ekki óvön því að syngja með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Meðal annars söng hún á Vínartónleikunum í janúar á þessu ári. „Ég hef sungið á mörgum ólíkum tónleikum í Eldborgarsal Hörpu. Á Disney tónleikum með Sinfóníunni, sömuleiðis James Bond tónleikum. Einnig hef ég sungið með Íslensku óperunni svo fátt eitt sé nefnt,“ segir hún. „Það er mjög gott að syngja í Eldborg, virkilega góður hljómur,“ bætir hún við.

„Það er sömuleiðis skemmtilegt að íslensk lög verði í hávegum höfð að þessu sinni,“ segir Valgerður. „Þótt jólatónleikarnir séu alltaf með svipuðu sniði eru alltaf einhverjar nýjungar ár hvert. Það er mikill heiður að fá að syngja með Kolbrúnu og mér finnst það stórkostlegt að lögð sé áhersla á táknmál í flutningnum. Það er mjög gaman fyrir mig að hafa Kolbrúnu með mér á sviðinu. Það verða fernir tónleikar á laugardag og sunnudag og við hlökkum ótrúlega mikið til að taka á móti gestum, fullorðnum sem börnum. Tónleikarnir standa yfir í klukkustund sem er nægilega langt fyrir börn. Maður kemst í mikið jólaskap á jólatónleikunum,“ segir Valgerður.

## Syngur á táknmáli

Kolbrún syngur á táknmáli og hefur einstaka hæfileika til þess. Til dæmis er hún alltaf berfætt til að skynja betur hljómfallið frá hljómsveitinni. „Ætli þetta sé ekki sjötta árið sem ég kem fram á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar,“ segir hún. Kolbrún hefur verið heyrnarlaus frá tveggja ára aldri en þá veiktist hún af heilahimnubólgu með þeim afleiðingum. Hún getur lesið af vörum og svarað fyrir sig. „Ég kemst alltaf í mikið jólaskap á tónleikunum, það eru allir svo glaðir. Ég hlakka alltaf til þessara tónleika,“ segir hún. „Áður hafði ég komið fram á jólatónleikum í Langholtskirkju í nokkur ár. Með á sviðinu í Langholtskirkju var krílakór sem einnig söng á táknmáli og samanstóð af börnum á aldrinum 5-12 ára. Það er yndislegt að syngja með þeim,“ segir Kolbrún. „Mér finnst söngur á táknmáli aldrei erfiður, þetta er bara gaman. Ég þarf vissulega að vinna náið með söngkonunni því þetta er mikil samvinna,“ segir hún.

„Við eigum eftir að standa þétt saman,“ bætir Valgerður við en þær stöllur eru sammála um að mjög ánægjulegt sé að gera íslenskum jólalögum hátt undir höfði. „Þau eru svo falleg,“ segja þær. Kolbrún segist hafa unnið með mörgum íslenskum söngkonum og yfirleitt hafi það alltaf gengið vel.



Íslensk jólatónlist verður í hávegum höfð á jólatónleikunum um helgina í tilefni af aldarafmæli fullveldisins.

## Fjölbreyttir listamenn

Meðal þeirra sem koma fram á tónleikunum með þeim Valgerði og Kolbrúnu eru nemendur úr Listdansskóla Íslands, Stúlknakór Reykjavíkur og táknmálskórinn Litlu sprotarnir, ungir lúðraþeytarar og einleikarar ásamt Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar sem hringir inn jólin og flytur jólalög fyrir og eftir tónleikana.

Kynnir að þessu sinni er trúðurinn Hildur, sem leikinn er af Katrínu Halldóru Sigurðardóttur. Hljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands er Bernharður Wilkinson.

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands verða í Eldborg laugardaginn 15. desember kl. 14 og 16 og sunnudaginn 16. desember kl. 14 og 16.
Miða á tónleikana er hægt að nálgast á sinfonia.is.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5769 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Bókajól

ÞRIÐJUDAGUR 11. DESEMBER 2018

Kynningar: Forlagið




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Bók opnar dyr inn í aðra heima

Jólabókavertíðin hjá Forlaginu er einstaklega fjölbreytt og skemmtileg í ár. Mikil breidd er í úrvalinu og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, að sögn Hólmfríðar Matthíasdóttur útgefanda. →2

Framhald af forsíðu ➪

Hver einasta jólabókavertíð er einstök enda ráðum við ekki fyrirfram hvaða bækur koma út heldur ræðst það af því hvað höfundum okkar dettur í hug," segir Hólmfríður og bætir við að jólavertíðin í ár sé einstaklega skemmtileg enda breiddin afar mikil. „Við erum með bækur sem geta höfðað til allra, og allir ættu að geta fundið bók við sitt hæfi."

## Bækur efla ímyndunarafl

Fjöldi barnabóka verður gefinn út fyrir jólin í ár. „Við erum með mjög vandaðan og skemmtilegan barnabókalista. Þar má nefna skáldsögur á borð við Nærbuxnaverksmiðjuna eftir Arndísi Þórarinsdóttur og Silfurlykilinn hennar Sigrúnar Eldjárn. Fyrir ungmenni má nefna skáldsögurnar Ljónið eftir Hildi Knútsdóttur og Rotturnar eftir Ragnheiði Eyjólfsdóttur."

Einnig eru gefnar út nokkrar fræðslubækur fyrir börn, eins og Sjúklega súra sagan eftir Sif Sigmarsdóttur og Svarthol eftir Sævar Helga Bragason.

Hólmfríður segir enn mjög algengt að börn fái bækur í jólagjöf, oft sem aukagjöf í öðrum pökkum. „Með því að gefa bók ertu að gefa svo mikið. Bækur styrkja málþroska, efla ímyndunarafl, opna dyr inn í aðra heima og leggja drög að framtíðinni. Allt þetta skiptir miklu máli, sérstaklega fyrir börn en þó ekki síður fyrir fullorðna. Það er dásamlegt að slaka á og lesa góða bók, og fátt betra en að hreiðra um sig með góða bók á aðfangadagskvöld þegar allt er komið í ró."



Hólmfríður Matthíasdóttir segir úrval jólabóka mikið. MYND/ANTON BRINK




## Sterkar og skemmtilegar skáldsögur

Forlagið gefur út á sjötta tug bóka fyrir þessi jól sem er svipaður fjöldi og í fyrra. Skáldsögur eru alltaf vinsælar og í ár gefur Forlagið út nokkrar gríðarlega sterkar og skemmtilegar skáldsögur. Til dæmis Stormfugla eftir Einar Kárason og Heklugjá eftir Ófeig Sigurðarson. Einnig má nefna Sextíu kíló af sólskini eftir Hallgrím Helgason, Listamannalaun, eftir Ólaf Gunnarsson og Heiður eftir Sólveigu Jónsdóttur.

## Blómleg ljóðabókajól

Margar flottar ljóðabækur koma út núna fyrir jólin. „Það er einhver ótrúleg gerjun í gangi í ljóðheimum og jólin í ár eru afar blómleg ljóðabókajól," segir Hólmfríður. Hún nefnir sem dæmi Smáa letrið eftir Lindu Vilhjálmsdóttur, Sálumessu eftir Gerði Kristnýju og Rof eftir Bubba Morthens. Einnig Vistarverur eftir Hauk Ingvarsson. „Ég gæti lengi haldið áfram að telja en það góða við ljóðabækurnar er að það er alveg tilvalið að stinga þeim með í jólapakkann."

## Glæsilegur dýrgripur

Einna stoltust er Hólmfríður af bókinni Flóra Íslands – blómplöntur og byrkningar eftir Hörð Kristinsson, Jón Baldur Hlíðberg og Þóru Ellen Þórhallsdóttur. „Flóra Íslands er glæsilegur dýrgripur, vel úr garði gerð og yfirgripsmesta rit sem út hefur komið um íslenskar plöntur," segir Hólmfríður en bókin byggist á áratuga vinnu höfunda sem eru meðal fremstu sérfræðinga landsins.

Hólmfríður hvetur alla til að heimsækja bókabúðir fyrir jólin, „mín uppáhalds bókabúð er að sjálfsögðu bókabúð Forlagsins á Fiskislóð 39 þar sem fá má allar þessar bækur og fleiri til, og svo er opið alla daga til jóla."

# Sérfræðingar í óhamingju

Rithöfundurinn Ófeigur Sigurðsson á það til að dvelja löngum stundum í kofa undir Heklu. Hans nýjasta skáldsaga, Heklugjá, er um líðanina í ástinni, unaðinn og þjáninguna en líka hann sjálfan.

Ég geri alltaf sömu mistök sem höfundur, ég gleymi að hugsa um lesandann. Ég hugsa alltaf bara um sjálfan mig og að sagan sé bara fyrir mig. En höfundurinn er þræll skáldsögunnar, lesandinn húsbóndinn sem húðstrýkir hann hvern morgun, og þeir þrífast báðir á þessum barsmíðum," segir rithöfundurinn Ófeigur Sigurðsson, inntur eftir því fyrir hvern hann skrifaði Heklugjá, og til að upplýsa lesendur um hvað honum liggur mest á hjarta sem rithöfundur:

„Að rista rás úr því sama útbólgna hjarta fyrir heift mína og angist og láta það flæða í einhvern smekklegan, siðvænan og útgáfuhæfan búning. Umbreyta þannig sorg í gleði."

## Er á móti Almannavörnum

Eitt frægasta eldfjall jarðar á sér samastað í hjarta Ófeigs.

„Hekla er mér mjög hjartfólgin. Fjölskylda mín á jörðina Selsund undir eldfjallinu og þar dvel ég löngum stundum í kofa og stari á fjallið eins og naut á nývirki. En það var ekki fyrr en ég fór burt að ég gat skrifað um hana. Ég hef líka gengið á Heklu og horft ofan í gjána og allt það sem ég sá birtist í bókinni," segir Ófeigur.

Heklugjá er þriðja skáldsaga Ófeigs þar sem eldfjall kemur við sögu.

„Eldfjöll virðast tengjast sköpunarþörfinni, því ferli að skapa eða koma einhverju frá sér sem veldur of miklum þrýstingi innra með manni. Þessi losun á þrýstingi og þörf fyrir eyðileggingu, ég meina sköpun," útskýrir Ófeigur kíminn og nú er Heklu beðið, enda löngu komin á steypirinn.

„Já, ég er alltaf að bíða eftir Heklu. Ég vona að hún valdi sem mestum usla og hræði líftóruna úr yfirmanni Almannavarna. Ég er á móti Almannavörnum og allri ritskoðun á náttúruna," segir Ófeigur blákalt.

## Á vergangi með Dunganon

Heklugjá er ævintýraleg saga um leit að hamingjunni. Ófeigur segist ekki vita hvar best sé að leita hamingjunnar, né hvernig manni helst á henni.

„Listamenn eru frekar sérfræðingar í óhamingjunni heldur en hamingjunni. Sennilega er þó best að leita ekki langt yfir skammt. Hamingjan ætti að finnast þar sem maður er sjálfur og manns nánustu."




Í sögu Ófeigs gengur rithöfundur daglega yfir Skólavörðuholtið með hundinn sinn, á leið á Þjóðskjalasafnið þar sem hann les sér til um listamanninn og sérvitringinn Karl Dunganon. Á safninu vinnur stúlka með eldrautt hár og sægræn augu sem vekur ekki minni áhuga en gömul skjöl. Ófeig rekur ekki minni til hvernig Dunganon kom til hans.

„En ég vissi ekki fyrr en ég var orðinn alveg heillaður af honum og við vorum saman á endalausu rápi og vergangi, í andanum sem sagt. Dunganon og sýn hans á veröldina heltók mig gjörsamlega. Hann er svo opinn og frjáls í hugsun og háttum," segir Ófeigur, en fyrir ótrúlega tilviljun má nú sjá myndir og glósubækur Dunganons á Listasafni Íslands og mælir Ófeigur sterklega með að gera sér ferð þangað.



„Sagan um mig yrði held ég bara þessi saga, svona til að byrja með alla vega," segir Ófeigur um skáldsöguna Heklugjá, leiðarvísir að eldinum.

„Það hefur alltaf fylgt manninum að lesa um ævintýri og örlög annarra. Kannski viljum við gefa hjartanu hvíld og tækifæri til að slá áhyggjulaust mitt í ringulreiðinni í kringum okkur. Við speglum kvíða og angist í örlögum annarra og finnum okkur til léttis að við erum ekki ein í veröldinni, heldur saman í súpunni. Þetta er æfing í samúð og fátt því betra siðferðinu en til dæmis glæpasögur, Íslendingasögur og hryllingssögur."

## Allur fyrir ómöguleikann

Söguhetjan í Heklugjá er rithöfundurinn Ófeigur. Því vekur forvitni hvort sagan sé um rithöfundinn Ófeig Sigurðsson.

„Ég á hund sem heitir Kolur og ég er þessi Ófeigur í sögunni svo langt sem það nær. Hvenær er maður annars líkur sjálfum sér og hvenær er maður ólíkur sjálfum sér? Það er alltaf tengt eigin sjálfsmynd sem síðan er ákveðin blekking. Því er viss ómöguleiki að skrifa um sjálfan sig en ég er allur fyrir ómöguleikann. Sagan um mig yrði held ég bara þessi saga, svona til að byrja með alla vega."

En er sagan ástarsaga eða sagnfræði?

„Þetta er ástaróður til hrifningarinnar, hvort sem það er af annarri manneskju, borg eða skáldskapnum. Þannig að í grunninn er þetta ástarsaga, um líðanina í ástinni, um unaðinn og þjáninguna," útskýrir Ófeigur, og boðskapurinn?

„Ég veit það ekki, kannski: Okkar skerfur verður á endanum líkklæði."

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

# Þarft að gera upp fortíðina

Í bókinni Heiður, eftir Sólveigu Jónsdóttur, er sagt frá fjölskyldu í Reykjavík í byrjun 9. áratugarins. „Mamman er íslensk en pabbinn er norður-írskur og saman eiga þau tvö börn, Dylan og Heiði,“ segir Sólveig. „Einn daginn tekur pabbinn drenginn og stingur af til Norður-Írlands til að blanda sér í átökin sem voru í gangi þar og mæðgurnar sitja eftir.

Tæpum 30 árum seinna hefur Dylan samband við Heiði og biður hana um að koma og hjálpa sér. Þá eru foreldrarnir báðir látnir og það er fullt af spurningum varðandi þennan tíma ósvarað,“ segir Sólveig. „Hún fer til Írlands og þá hefst atburðarás þar sem þau fara að gera upp fortíðina og komast að sannleikanum til að geta haldið áfram með lífið.






Ég tók mastерspróf í þjóðernishyggju og þjóðernisátökum og lagði áherslu á mál Norður-Írlands í því námi. Námið fór fram í Skotlandi og þar kynntist ég mörgum Norður-Írum, sem kynntu mér nýja hlið á þessum átökum og hvernig þau hafa áhrif á fólk enn í dag,“ segir Sólveig. „Mig langaði til að skrifa þessa bók til að segja hversdagslegar sögur frá þessum tíma sem eru þó ansi hrikalegar og til að fjalla um hvernig fólk og samfélag jafnar sig eftir stríð. Þetta er að stærstum hluta byggt á sönnum atburðum úr lífi fólksins sem ég kynntist.

Norður-Írland er eiginlega næsti nágranni okkar en samt eru afleiðingar átakanna þar lítið í umræðu í dag. En hvort sem það er þjóðfélag eða ein lítil fjölskylda sem er að jafna sig eftir átök er mikilvægt að gera málin upp og sópa hlutum ekki undir teppi og ætla að fara þetta á hörkunni,“ segir Sólveig. „Það kann ekki góðri lukku að stýra til langframa.“

**Bókin Heiður byggist að mestu á sönnum atburðum í lífi Norður-Íra sem Sólveig kynntist í námi.**



**„Það sem lætur mig tikka, eins og aðra sem skrifa sögulegar bækur, er fullvissan um hve mikið það víkkar og dýpkar tilveruna að þekkja liðinn tíma.“**

# Líf sem er ævintýri líkast

Ég horfi í spegil og er ánægður með manninn sem ég sé. Fólk eins og ég, sem er nánast fleygt í ruslatunnuna, endar gjarnan í fangelsi eða í ræsinu. Ekki ég. Ég á fallega konu og yndisleg börn. Ég vann í fjölskyldulottóinu.“

Þetta segir Hasim Ægir Khan í bókinni Hasim, eftir Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur. Hasim veit um hvað hann er að tala. Hann var borinn út sex ára á Indlandi og látinn týnast í stórborginni Kalkútta. Fram að tólf ára aldri hraktist hann frá einum stað til annars, enda umkomulaus einstæðingur. Hann var ættleiddur til Þorlákshafnar tólf ára en nýju foreldrarnir gáfust upp eftir rúmt ár. Hann varð þá aftur einstæðingur, núna á Íslandi.



**Þóra Kristín kynntist Hasim þegar hann var einstæður unglingur.**




Bókin Hasim er á köflum eins og átakanleg spennusaga, en hún er líka eins og ævintýri, enda segir elsti sonur Hasims að hann hafi meira litið á föður sinn sem ævintýrapersónu en pabba. En húmorinn er samt aldrei langt undan, enda er Hasim enginn venjulegur strákur.

Lesandinn fylgir Hasim eftir allt frá bernskuheimilinu í Gömlu-Delí og götunni í Kalkútta til Þorlákshafnar, þar sem hans bíða allsnægtir, en nýja lífið tekur snögglega enda. Hann lendir nánast í ræsinu á unglingsárunum þegar hann þarf að glíma við sína eigin fortíðardrauga og við fylgjum honum eftir til Indlands, þar sem hann leitar uppi fjölskyldu sína sem hann varð viðskila við í upphafi bókarinnar.

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, höfundur bókarinnar, er löngu þjóðkunn fyrir skrif sín og störf við fjölmiðla. Hún kynntist Hasim þegar hann var unglingur en ákvað í fyrra að leita hann uppi og fá hann til að segja sögu sína. Bókin Hasim er byggð á frásögn Hasims og fjölda annarra sem kynntust honum á þessari ótrúlegu vegferð götustráks í Kalkútta og Reykjavík.

# Dýpkar tilveruna að þekkja liðna tíð

Mér er efst í huga þakklæti fyrir að hafa getað skrifað þessa bók,“ segir rithöfundurinn Þórunn Jarla Valdimarsdóttir um nýjustu bók sína Skúli fógeti – faðir Reykjavíkur. „Þetta er saga frá átjándu öld. Hún fær góðar móttökur, rokselst og er tilnefnd. Þá er tilganginum náð og tilverurettur minn endurnýjaður. Það sem lætur mig tikka, eins og aðra sem skrifa sögulegar bækur fyrir almenning, er fullvissan um það hve mikið það víkkar og dýpkar tilveruna að þekkja liðinn tíma. Átjánda öldin lifnar í Skúlabók, því ég vinn þannig með heimildir. Lýg engu, engin leið er að taka sagnfræðinginn, frekar en lækninn, úr manninum.“




Af sömu ástæðu tileinkar Þórunn bókina Ragnheiði Þorláksdóttur sem gerði það að ævistarfi að byggja Sögufélag við Fischersund upp, að hvatningu Björns Þorsteinssonar sagnfræðings.

„Sögufélag var félagsheimili fræðanna, bókabúð þar sem ganga mátti að öllum sögulegum bókum og tímaritum í hillu og alltaf var ókeypis heitt á könnunni. Við Eggert Þór Bernharðsson heitinn vorum á sömu línu og þau, vildum koma sögunni til fólksins. Við hittumst í sagnfræðinámi og ólum hvort annað upp. Hann skrifaði bækur um Reykjavíkursögu, og talaði með dásamlegum myndum. Braggabókin og Sveitin í sálinni hafa skilað sér til þúsunda lesenda. Það er einhvers virði að deyja á þeim vígvelli eftir að hafa ofreynt sig við það að draga fortíð til samtíðar. Enda er þessi svokallaða núvitund fúl og skerandi raunsæi. Draumurinn bregst aldrei. Ég lifi fyrir drauminn og það að miðla honum,“ segir Þórunn sem er með nokkur fleiri bókaegg í maganum. „Ég vona að almættið spari mig til þess að vera áfram brú milli draums og lesenda.“

# Hundakæti – óritskoðuð dagbók

Hundakæti geymir dagbækur Ólafs Davíðssonar fræðimanns (1863–1903) frá árunum 1881–1884, þegar Ólafur var nemandi í Lærða skólanum í Reykjavík og Háskólanum í Kaupmannahöfn. Þorsteinn Vilhjálmsson, fræðimaður og þýðandi, annast þessa útgáfu og skrifar ítarlegan formála um Ólaf, dagbækurnar og tíðarandann.




*Hvers vegna vakti saga Ólafs Davíðssonar áhuga þinn?*

„Ég heyrði að þessi dagbók hefði áður komið út, árið 1955 – en þá ritskoðuð. Ég varð að leiðrétta það!“

*Á þessi saga erindi við nútímann og þá hvers vegna?*

„Já, ekki bara lýsir Ólafur sínum samtíma á óvenju hreinskilinn hátt, heldur er þetta líka einstök heimild um hinsegin menningu á Íslandi.“

*Um hvað hugsuðu ungir menn á ofanverðri 19. öld?*

„Hálfbjóra og vínarbrauð, próf og nám, ástir og kynlíf – og rosalega mikið um raunsæisbókmenntir ...“

*Hvernig mynd dregur Ólafur upp af Reykjavík?*

„Reykjavík var ört vaxandi bær. Fyrir Ólafi var þetta nýr raunveruleiki – vísir að borg eins og aldrei hafði áður sést hérlendis.“

*Hvað er það sem má segja núna en mátti ekki segja frá í dagbókunum þegar þær voru gefnar út árið 1955?*

„Fyrir utan krassandi bæjarslúður um framhjáhöld og fylleri efristéttarinnar er það aðallega ástarsamband Ólafs við skólabróður sinn, Geir Sæmundsson.“

*Hvers virði er það í dag að eiga þessar heimildir um samkynhneigð og hvaða viðhorf birtust í dagbókunum hvað það varðar?*

„Það er ótrúlega mikils virði að eiga þessa heimild, enda segir hún okkur óvænta sögu. Samband Ólafs og Geirs virðist vera algjörlega sjálfsagt – enginn samnemenda Ólafs kippir sér upp við það. Það bendir til þess að samkynja ástir hafi notið viss samþykkis, allavega innan Lærða skólans. Er það ekki stórmerkilegt?“



**Þorsteinn heyrði að dagbók Ólafs Davíðssonar hefði komið út árið 1955 en þá ritskoðuð og varð að leiðrétta það.**

# HUGGULEGT YFIR HÁTÍÐINA!




Lukka og hugmyndavélin - Þríleikurinn saman í pakka
TILBOÐSVERÐ: 3.899.-
Verð áður: 5.999.-




Grænkerakrásir Guðrúnar Sóleyjar
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 6.999.




Þankar við slaghörpuna
TILBOÐSVERÐ: 5.299.-
Verð áður: 7.599.-




Undir sumarhimni
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 6.999.-




Skjaldbökur alla leiðina niður
TILBOÐSVERÐ: 2.599.-
Verð áður: 3.799.-




Hjarta landsins
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 5.999.-




Jólasveinarannsóknin
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 4.299.-




Hjarta Íslands
TILBOÐSVERÐ: 8.999.-
Verð áður: 12.999.-




Sagan um Skarphéðin Dungal
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 4.999.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON



MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!



Framúrskarandi fyrirtæki




**PQ17 skipalestin**
**TILBOÐSVERÐ: 4.699.-**
Verð áður: 6.999




**Úlfar og kokkarnir á Frökkunum**
**TILBOÐSVERÐ: 3.199.-**
Verð áður: 4.299.-




**Dagur Sigurðarson - ritsafn**
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 7.499.-




**Ég hef séð svona áður**
**TILBOÐSVERÐ: 3.899.-**
Verð áður: 5.499.-




**Norrænu goðin**
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 6.999.-




**Hryggdýr**
**TILBOÐSVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.999.-







**Nornasveimur**
**TILBOÐSVERÐ: 4.499.-**
Verð áður: 6.499.-




**Krossgötur**
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 6.999.-

**Vættir**
**TILBOÐSVERÐ: 4.499.-**
Verð áður: 6.499.-


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 12. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Firnasterk bókajól í ár

Ganga má út frá því að flestir Íslendingar fái að minnsta kosti eina bók í jólagjöf. Bryndís Loftsdóttir hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda segir bókajólin firnasterk í ár og hvetur fólk til að kynna sér nýja höfunda og höfunda sem það hefur ekki lesið eftir áður.



Bryndís Loftsdóttir hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda segir bókajólin firnasterk í ár. MYND/ERNIR

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@frettabladid.is



Það sem hangir í hausnum á mér þessa dagana er að ég vildi óska þess að fólk hugleiði hvað það kaupir og hvers vegna það kaupir það,“ segir Bryndís og bætir við: „Þetta kemur reyndar úr hörðustu átt því ég er bæði hönnuður, upphafsmaður og rekstraraðili alls konar hluta eins og bókmenntaverðlauna og metsölulista og þess háttar. En nú er ég aðeins að taka upp hanskann fyrir lítilmagnann og langar að biðja fólk að gefa sérstakan gaum að höfundum sem það þekkir ekki og lesa kannski aftan á þær bækur ef það getur. Og líka að kíkja á þýddar bækur. Af því að þær ósjálfrátt lenda kannski ekki eins mikið í sviðsljósinu á þessum tíma eins og bækur íslenskra höfunda sem eru aufúsugestir í fjölmiðlum og víðar. Í þessu samfélagi þar sem algóritmarnir ákveða næstum fyrir okkur hvað við eigum að kaupa er mikilvægt að við töpum ekki sjálfstæðinu og pössum að hugsa út fyrir kassann sem búið er að skammta okkur.“

Hún segir bókajólin vera firnasterk í ár og á mörgum sviðum. „Ljóðið hefur tekið fjörkipp og þetta eru frábær ljóðajól, að minnsta kosti fimmtán frábærar ljóðabækur,“ segir hún. „Og allt svo áhugavert og aðgengilegt. Fólk virðist hafa komist yfir tortryggni gagnvart ljóðum og höfundar eru að svara þeim lesendahópi af krafti. Ég sé líka á sölulistum að glæpasögur eru mjög vinsælar sem er fínt því það er nokkuð tryggt að maður klárar þær frekar fljótt yfir jólin og getur þá byrjað strax á næstu bók og kemst þannig yfir að lesa meira í jólafríinu.“

Hún nefnir að samband Íslendinga við bækur sé einstakt. „Hann er svo fallegur þessi íslenski siður að gefa og þiggja bók í jólagjöf og jafnframt að fara með bók upp í rúm á jólanótt og lesa, í þessari dúnmjúku þögn sem leggst yfir borg og bæi þegar er snjór,“ segir hún og dregur upp mynd sem flestum er kunn. „Að skríða undir hreina sæng með súkkulaði og góða bók er engu líkt. Það er svo gott umhverfi til lestrar. Og þetta er auðvitað siður sem hefur þær jákvæðu aukaverkanir að bókaútgáfa í landinu hefur haldist svona blómleg og fjölbreytt.“

> **Fólk virðist hafa komist yfir tortryggni gagnvart ljóðum og höfundar eru að svara þeim lesendahópi.**

Bryndís segir ýmsar áherslur vera að breytast í bókaútgáfu frá því sem áður var. „Ævisagan hefur verið á undanhaldi og minna áberandi undanfarin ár en samt eru ævisögur á topp tíu lista hverja vikuna á fætur annarri,“ segir hún en bætir við að ævisögurnar hafi breyst. „Það er ekki endilega verið að skrifa á efri árum til að líta yfir farinn veg heldur er fólk meira að taka fyrir tímabil í lífi sínu. Svo hafa skáldævisögur aðeins rutt sér til rúms, skemmtilegt form sem brýtur veggina á milli skáldverka og ævisagna. Þannig að það er ákveðin þróun í gangi sem við sjáum betur þegar við lítum til baka eftir tíu til tuttugu ár. Og kannski erum við að skrifa ævisöguna okkar á hverjum degi fyrir allra augum á Facebook og fróðlegt að sjá hvernig sú kynslóð sem hefur átt sín fullorðinsár þannig tekst á við ævisagnahefðina.“

Hún segir augljóslega kraftmeiri útgáfu í ungmennabókum en hefur verið. „Við sjáum það bæði í handbókum og skáldverkum svo það ætti að vera auðvelt að finna bók í jólagjöf sem höfðar til barna og ungmenna á öllum aldri. Barnabókaútgáfan hefur eflst á undanförnum árum sem er mikið fagnaðarefni.“

Stundum vill brenna við að tískusveiflur ráði því hvaða bækur verða söluhæstar, enda mikilvægt að vera viðræðuhæf um söluhæstu eða umtöluðustu bækurnar í jólaboðunum. Bryndís segir að þetta sé vissulega rétt en við höfum þó fjölbreyttari bókmenntasmekk en margar aðrar þjóðir. „Íslendingar lesa fjölbreytt bókmenntaform og það er kannski styrkur okkar sem bókaþjóðar. Það má samt kannski segja að fólk velur stundum höfundana frekar en bækurnar, við erum höfundaholl eins og þeir séu íþróttalið sem við höldum með ævina á enda. Ég upplifði það þegar ég vann í bókabúðinni að fólk kom til að kaupa Guðrúnu Evu eða Arnald, sagðist eiga allar bækurnar hans eða hennar en vissi svo kannski ekki einu sinni hvað nýja bókin hét. Við erum bæði fastheldin og safnarar í okkur en svo erum við svo miklir ættfræðingar, kannski var höfundurinn með okkur í skóla eða úr sömu sveit eða fjarskyld frænka.“

